

Ár 1973, mánudaginn 3. desember, var í málinu nr. 17/1973
kveðinn upp af Vfirfasteignamatssnefnd svohljóðandi

Ú R S K U R Æ U R :

Málavextir eru þeir, að með mati millimatsmanna í Seltjarnarneshreppi, dags. 15. mars 1973, var tekin til endurnats landspláða úr Kyrarhúsalandi, sem í samræmi við skipulagsuppdrátt af Seltjarnarnesi er í málinu auðkennd sem lóð nr. 45 - 47 við Barðaströnd. Var gert ráð fyrir, að þar yrði um 1521 fermetra byggingarlóð að raða fyrir raðhóla. Var laud þetta matið á kr. 304.000,- í nefnda mati millimatsmanna.

Með bréfi, dags. 21. mars 1973, kærði Björn Ólafs, hdl., ofangreint mat f.h. þáverandi eiganda landsins, Jóns Steffensens. Var kærán byggð á því, að engar horfur þætu talist vera á því, að umrætt land yrði byggingarhæft, eins og aðnari grein er gerð fyrir í bréfinu.

Samskipt lögum nr. 28/1960 um fasteignamat og fasteignaskráningu, ahr. 21. gr. 3. tl., voru fyrir hendi skilyrði til endurnats á umrædda landi. Með hliðsjón af fyrirhagaðri nýtingu landsins samskipt skipulagi og öðrum gögnum, sem fyrir liggja, verður ekki fallist á, að fasteignamatsverð þess hafi verið of hátt ákveðið í mati millimatsmanna. Af því leiðir, að kærán verður ekki tekin til greina.

Ú R S K U R Æ D A R Ö R D :

Ofangreind kærán er ekki tekin til greina.

Gaukur Jörundsson

Torfi Ásgeirsson

Pálmi Jónsson